



FRÉTTABRÉF HROSSARÆKTARSAMTAKA SUÐURLANDS

24. MARS 2011

FRÁ FORMANNI

EFNI BRÉFSINS:

FRÁ	1
FORMANNI	
UNGFOLA-SÝNING	1
RÆKTUN 2011	1
KYNBÓTA-SÝNINGAR	2
ADGANGUR AÐ WORLD FENG	2
ÁTTU STÓÐ-HEST...	2
ADALFUNDUR HS	2

RÆKTUN 2011

Sýningin Ræktun 2011 verður laugardagskvöldið 23. apríl nk. í Ölfushöllinni að Ingólfshvoli.

Hrossaræktendur og áhugamenn um hrossarækt ættu því að taka það kvöld frá strax. Magnús Benediktsson mun að þessu sinni sjá um sýninguna. Þeir sem hafa áhuga á að koma fram með ræktunarbú, afkvæmahópa eða einstaka kynbótahross vinsamlegast hafið samband í síma 893-3600 eða sendið tölvupóst á netfangið maggiben@gmail.com.

Ágæta félagsfólk.

Það er ekkert sem bendir til annars þessa dagana en að hrossin okkar séu við hestaheilsu eins og sagt er og að hugur sé í hestamönnum. Það er tilhlökkun í loftinu, landsmót framundan og margir sem ætla á Vindheimamela ýmist til að reyna sína gæðinga eða sýna og sjá kynbótagripi enda landsmót konfektkassi hestamannsins.

Um leið og við hlökkum til sumarsins og viðburða þess verðum við að vera minnug þess að síðasta ár fór á annan veg en við var búist vegna smitandi hósta sem fór sem faraldur um hrossastofninn og setti mark sitt meira og minna á allt starf sem tengdist hrossum. Við skulum draga lærdóm af þessari upptöku bæði hvað varðar viðbrögð og viðbragðsáætlanir og ekki síst að gæta smitleiða. Hestamönnum sem og öllum ber að virða það umhverfi sem íslenski hesturinn lifir í og fara algerlega að settum reglum er varða sóttvarnir.



Það sem helst hefur verið á dagskrá HS í vetur var fræðslukvöld um kynbótamatið með dr. Elnu Albertsdóttur og námskeið í bygginga- og hæfileikadómum. Þeir viðburðir sem eru framundan eru ungfolasýning 9. apríl og stórsýningin Ræktun 2011 þann 23. apríl. Þessir viðburðir eru kynntir nánar í fréttabréfinu og eru félagsmenn beðnir að kynna sér þá.

Af stjórn HS er það að fréttu að Halldór Guðjónsson og Bertha Kvaran gefa ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnasetu vegna veru sinnar erlendis. Er þeim hér með þakkað vel fyrir framlag þeirra til stjórnarstarfa. Undirritaður er að klára sitt kjörtímabil og því þarf að kjósa formann HS. Ég hef ákveðið að gefa kost á mér áfram til formanns, en minni á að sjálfsögðu er öllum félagsmönnum frjálst að bjóða sig fram.

Með hrossaræktarkveðju

Sveinn Steinarsson formaður HS

UNGFOLASÝNING Í ÖLFUSHÖLLINNI

Árleg ungfolasýning Hrossaræktarsamtaka Suðurlands verður laugardaginn 9. apríl í Ölfushöllinni á Ingólfshvoli að þessu sinni í tengslum við Stóðhestaveislu Hrossaræktar.is. Fyrirkomulag ungfolasýningarinnar verður að öðru leyti með svipuðu sniði og í fyrra. Starfandi kynbótadómarar munu taka út folana bæði fyrir sköpulag og hreyfingu. Rétt til þátttöku eiga folar fæddir árið 2008 og 2009. Sköpulagsmat hefst kl. 9:30 en sýningin kl. 11:30. Dómarar raða efstu fimm folunum í hvorum flokki. Áhorfendur velja síðan álitlegasta folann í hverjum flokki. Birgi Leó Ólafsson veitir nánari upplýsingar um sýninguna og tekur við skráningum á hana í síma 899-8180 eða á netfangið blo@verkis.is. Síðasti skráningardagur er mánudagurinn 4. apríl. Skráningargjald er 3.000 kr fyrir félagsmenn en 3.500 kr fyrir aðra. Innifalið í skráningu eru tveir miðar á ungfolasýninguna. Miðaverð á ungfolasýninguna er 1.000 kr. Miðaverð fyrir allan daginn í Ölfushöllinni þ.e. ungfolasýninguna og Stóðhestaveisluna er 3.500 kr. með þeim miða fylgir stóðhestablað Hrossaræktar.is.

Félagsmenn og aðrir áhugamenn um hrossarækt eru hvattir til að mæta.

KYNBÓTASÝNINGAR 2011

Á fagráðsfundi hrossaræktar í desember sl. var sýningaráætlun fyrir árið 2011 samþykkt og fer hún hér á eftir:

28.4 - 29.4 Sauðárkrókur 455-7100

2.5 - 6.5 Hafnarfjörður 480-1800

9.5 - 13.5 Selfoss 480-1800

16.5 - 20.5 Eyjafjörður 460-4477

16.5 - 20.5 Víðidalur 480-1800

23.5 - 27.5 Hafnarfjörður 480-1800

23.5 - 27.6 Blönduós 451-2601

30.5 - 10.6 Hella 480-1800

30.5 - 3.6 Sauðárkrókur 455-7100

30.5 - 31.5 Hornafjörður 470-8088

1.6 - 3.6 Hérað 471-1161

6.6 - 10.6 Eyjafjörður 460-4477

6.6 - 10.6 Borgarfjörður 437-1215

27.6 - 3.7 Landsmót

15.8 - 19.8 Blönduós 451-2601

15.8 - 26.8 Hella 480-1800

15.8 - 19.8 Borgarfjörður 437-1215

22.8 - 26.8 Skagafjörður/Eyjafjörður 460-4477

Alltaf geta orðið einhverjar breytingar á sýningaráætlun því þátttaka er aldrei ljós fyrr en nokkrum dögum fyrir sýningu. Sýningar sem eru feitletraðar hér að ofan eru í umsjá Búnaðarsambands Suðurlands þannig þar er hægt að fá allar nánari upplýsingar í síma 480-1800 eða á netfanginu halla@bssl.is. Á heimasíðu Búnaðarsambands Suðurlands www.bssl.is verður hægt að skrá hross til sýningar þegar nær dregur og þar verður hollaröðun kynnt nokkrum dögum fyrir hverja sýningu. Venjan er sú að síðasti skráningardagur er viku fyrir sýningu.

AÐGANGUR AÐ WORLD FENG

Allir félagsmenn í Hrossaræktarsamtökum Suðurlands eiga rétt á að fá aðgang að Woldfeng sér að kostnaðarlausu. Félagsmenn eru nú 496 þegar þetta er skrifað og eru 379 sem nýta sér aðganginn að Woldfeng. Ef einhverjir sem lesa þetta hafa ekki komist inn í Worldfeng þá er skýringin trúlega sú að netfang viðkomandi er ranglega skráð í WF. Endilega sendið tölvupóst á netfangið halla@bssl.is ef þið hafið ekki komist inn í WF þannig hægt sé að kippa því í lag. Worldfengur er ómissandi fyrir ræktendur og áhugafólk um hrossarækt.

WWW.BSSL.IS/HROSSARAEKT

ÁTTU STÓÐHEST SEM STEFNT ER MEÐ Á KYNBÓTASÝNINGU Í VOR?

Þá er rétt að huga tímanlega að því að taka DNA-sýni úr honum og foreldrum því nú fá stóðhestar ekki dóm nema að hafa sannað ætterni. Ef móðir stóðhests er dauð þarf að sanna móðernið eftir öðrum leiðum s.s. að taka DNA-sýni úr afkvæmum hennar (4-5 afkvæmum). Búnaðarsamband Suðurlands sér um DNA-sýnatöku fyrir þá sem vilja. Hægt er að panta sýnatöku í síma 480-1800 eða senda tölvupóst á halla@bssl.is. Úr stóðhestum 5 vetra og eldri þarf einnig að taka blóð og röntgenmynda hækla í því skyni að draga úr tíðni spatts í hrossastofninum. Heimilt er að taka myndina á því ári sem hesturinn nær 5 vetra aldri.

Aðalfundur Hrossaræktarsamtaka Suðurlands

Aðalfundur Hrossaræktarsamtaka Suðurlands verður **fimmtudagskvöldið 31. mars kl. 20:00 í Hliðskjálf** félagsheimili hestamannafélagsins Sleipnis á Selfossi. Dagskrá fundarins eru hefðbundin aðalfundarstörf. Kjósa á um formann en Sveinn Steinarsson hefur ákveðið að gefa kost á sér áfram. Halldór Guðjónsson og Bertha Kvaran hafa tilkynnt að þau sjái sér ekki fært að sitja lengur í stjórn. Gestur fundarins verður að þessu sinni Sigurbjörg Þorsteinsdóttir Dr.Med.Sc. ónæmisfræðingur hjá Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði á Keldum en hún mun kynna nýjustu niðurstöður í rannsóknum á sumarexemi. Erindið nefnist: **Sumarexem (smámýsofnæmi í hestum) möguleikar á meðferð.**

“Sumarexem er húðofnæmi í hestum sem orsakast af biti flugna (smámýs) sem lifa ekki á Íslandi. Tíðni sjúkdómsins er mjög há í útfluttum hestum og því alvarlegt vandamál fyrir íslenskan hrossaútflytning. Á Keldum hefur verið unnið að rannsóknum á sumarexemi í samstarfi við dýrasjúkdómadeild Háskólans í Bern í Sviss síðan árið 2000. Endanlegt markmið er að próa ónæmismedferð gegn exemínu, bólusetningu sem forvörn og afnæmingu sem lækningu. Tekist hefur að einangra og framleiða ofnæmisvakana (próteinin úr bitkirtlum flugnanna) sem valda ofnæminu og setja upp mælingar og próf sem þarf til að meta gagnsemi ónæmismedferðar. Þar með höfum við náð því takmarki að geta byrjað meðferðartilraunir. Fyrsta bólusetningartilraunin er í gangi á Keldum og til stendur að reyna afnæmingar á hestum með sumarexem í Sviss seinna á árinu. Í erindinu verður farið yfir stöðu og horfur sumarexemrannsókna.”

Rétt er að benda á að fundargerðir stjórnar eru aðgengilegar á slóðinni www.bssl.is en þar eru Hrossaræktarsamtökin með undirsíðu. Vonumst til að sjá ykkur sem flest á aðalfundinum.

Stjórn Hrossaræktarsamtaka Suðurlands

Fréttabréf Hrossaræktarsamtaka Suðurlands Útgefandi: Hrossaræktarsamtök Suðurlands—Ábyrgðarmaður: Halla Eygló Sveinsdóttir